



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík

Tilvísun: 201301-0102/6.01.04
Starfsleyfi, umsagnir

Varðandi

Umsókn Hjartaverndar um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera í flokki I í rannsóknarhúsnæði að Holtasmára 1, 201 Kópavogi

Vísað er til erindis stofnunarinnar með fylgigögnum (tilvísun UST20121200027) þar sem óskað er eftir afstöðu Vinnueftirlitsins til flokkunar athafnasvæðisins.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við upplýsingar í umsókn Hjartaverndar varðandi heilbrigðissjónarmið. Fyrirtækjaeftirlit Vinnueftirlitsins skoðaði vinnuaðstöðu Hjartaverndar þann 10. 4. 2013 og gerði ekki athugasemdir.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við flokkun Umhverfisstofnunar sem flokkar starfsemina undir afmörkunarflokk I, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um erfðabreyttar örverur og viðauka 2, í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins

Jóhannes Helgason
Verkefnastjóri
Efna og hollustuháttadeild